

27
3. maí

L Ö G

um breyting á framfærslulögum nr. 80/1947.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Orðin „að frádregnum 10%“ í 69. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. maí 1949.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

28
3. maí

L Ö G

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Christensen, Rannveig Halldórsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 18. júlí 1903 á Íslandi.
2. Gunnar Már Nehm Pétursson, skrifstofumaður í Reykjavík, fæddur 16. okt. 1919.
3. Grímur Hákonarson, bóndi í Auðsholti í Ölfusi, fæddur 1. sept. 1887 á Íslandi.
4. Hansen, Margrét Lund, nemandi, fædd 21. ágúst 1924 á Íslandi.
5. Henckell, María Bjarnadóttir, frú í Reykjavík, fædd 25. júní 1911 á Íslandi.
6. Hulda Laufey Sigurðardóttir, frú í Reykjavík, fædd 11. marz 1918 á Íslandi.
7. Jensen, Guðlaug Aðalheiður Benediktsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 29. sept. 1913 á Íslandi.
8. Jón Ebenezersson Halldórsson, lögreglumaður í Reykjavík, fæddur 23. febr. 1919 á Íslandi.
9. Klingbeil, Kristín Guðmundsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 30. júlí 1911 á Íslandi.
10. Münch, Helga Einarsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 4. ágúst 1897 á Íslandi.
11. Nagel, Salome Þorleifsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 19. ágúst 1897 á Íslandi.
12. Philip, Sigurlaug Guðmundsdóttir, frú, Reykjavík, fædd 24. febrúar 1919 á Íslandi.
13. Rasmussen, Birna Halldórsdóttir Melsted, frú, fædd 29. jan. 1910 á Íslandi.
14. Sigurður Sveinbjörnsson, trúboði í Reykjavík, fæddur 1. apríl 1875 á Íslandi.
15. Strand, Þórdís Einarsdóttir, frú í Reykjavík, fædd 3. sept. 1898 á Íslandi.